

Fundur 27.10.2025 Boris Spassky.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Finn ég mig hér öflugan í kvöld og hef ég lengi reynt að ná sambandi við ykkur, og gleður það mig mjög að það tekst hér í kvöld.

Er ég hér allur miklu öflugri en ég var á gömlu jörðinni og hef ég yngst um marga áratugi, og man ég varla eftir því að hafa verið svona ungur og öflugur á gömlu jörðinni.

Er það nokkur menningarmunur á þjóðum okkar, en er það þó ekki umtalsvert, og vona ég innilega að friður komist á og aukin samskipti á milli þjóðanna, og hef ég fulla trú á því og ber ég sterkar taugar til íslensku þjóðarinnar og veit ég að svo er eins um marga samlanda mína, þó andi köldu nú um stundir.

Og vildi ég gjarnan að þið finnduð persónuleika minn og ég gæti orðið sá sendiherra sem þið hafið ekki, þar til nánari samskipti og vinsamlegri komast aftur á.

Og persónuleika minn, langar mig mjög til að lýsa því framlífi sem ég hér lifi og þeirri miklu undrun sem fyrir mig varð og gleði er ég hingað komst á nýjan hnött.

Gladdist ég mjög yfir því að fá að rækja trú mína í heimalandi mínu og studdi ég ýmsar aðgerðir og ellihrönun gerði mér erfitt fyrir, og er hér allt annað líf og betra.

Og svo margt undarlegt og merkilegt sem ég hef upplifað, að ég vil gjarnan frá því segja, og já já hér hafa verið menn sem reynt hafa að ná sambandi við ykkur, en ekki tekist.

Og frétti ég af ungum manni sem lenti á öðrum hnetti, en komst í gegn.

Hér er ekki einsleitt þjóðfélag, heldur er það sem þið kallið lýðræði, vafalaust ríkjandi, þótt með misjöfnum hætti sé í hverju landi fyrir sig.

Og stórkostleg gróskan og menningin og lifnar allt og blómstrar þar sem möguleikar hins frjálsa mannsanda koma við sögu.

En að vísu er það rétt að hömlur eru á því frelsi í mörgum löndum þessarar jarðar, og ýmislegt sem þið kallið ógnarstjórn, en er það þó ekki einhlýtt.

En það hryggir mig mjög að allar tilraunir mínar til að ná sambandi við einn ákveðinn mann hafa mistekist, og hef ég aðeins fengið af honum fréttir, en er ég fullviss um að ég nái við hann sambandi beint síðar, og stefni ég að því.

En vissulega er það svo að breytingar þær sem hann hrinti af stað, gætu hafa hrint af stað öðrum breytingum og margvíslegum,

*Ert þú að tala um Fisher ?*

Já ég talaði við ungann mann sem nýkominn er á annan hnött og er hann sömu þjóðar og vill hann gjarnan tala við ykkur.

Er hann nýfram kominn á þeim hnetti, og hef ég frætt hann um ýmislegt, og við tölum um hina miklu breytingu þar sem Jahve er ekki með í spilu, og hef ég gert mér það enn betur ljóst í framlífi.

Er ég hér öflugur mjög og vil ég hjálpa þjóð minni að komast út úr þeim örðugleikum sem hér blasa við, eins og í frumlífinu.

Tek ég því fagnandi að tala við ykkur um stjörnusambandsstöðvar, og tilheyri ég þeim hópi á hnetti mínum og landi mínu sem trúir því að þjóð okkar hafi orðið til vegna norrænna manna ekki síður en slavneskra, en er hér þó mikið talað um hinn hreina slavneska stofn.

Og fylgi ég því rétt eins og í mínu eina landi, en er það þó sagt að norrænu mennirnir á þessum hnetti hafi átt mikinn þátt í að reisa þessar byggingar sem við tölum úr, og er það mikilsvert.

Já tölum við, höfum við samband við gömlu slavnesku Guðina okkar í sambandsstöðvum okkar, en höfum við einnig sambönd við norrænu Guðina, og er það mjög áhugavert.

Ungi maðurinn bandaríski vill við ykkur tala og vona ég að það takist, finn ég nú að sambandið er að rofna, en

*Og þú heitir ?*

Boris Spassky.

*Já mig grunaði það, vertu velkominn, takk fyrir það.*

Já, hef reynt að ná sambandi við hann, Fisher, og mun það vonandi takast síðar, en það eru örðugleikar á því, já já, já öflugur mjög þar, mér er ánægjuefni að hafa komið fram á öðrum hnetti og furðulegar sögurnar sem við heyrum frá hermönnum okkar, og því miður ekki allar góðar, þar sem slíkt er afleiðingar stríða.

En náði ég ekki að koma fram öllu sem ég vildi segja, en ég mun koma aftur, endilega reyna það.

Náði hér aðeins að segja ögn af því sem ég vildi, orkan er að minnka.

Þakka ég fyrir mig, verið þið sælir, margt hefur gerst síðan ég kom hingað.

*Hefur þú nokkuð heyrt í Friðriki Ólafssyni ?*

Já það er nú eitt, gaman að því, þakka þér fyrir, öflugur einnig, ég kem að því síðar, þakka ég fyrir mig og verið þið sæl.

*Ég þakka fyrir, vertu sæll.*